

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990.

1. Frá og með 13. júní til og með 19. júní 1988.

2. Frá og með 28. júlí til og með 6. ágúst 1988.

Veiðbönn þessi taka ekki til báta minni en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. maí 1988,

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.